

SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA – NÆSTU SKREF

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Aðalfundur 31. ágúst 2012 í Stykkishólmi

Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri

MARKMIÐ SÓKNARÁÆTLANA LANDSHLUTA


- Efling sveitarstjórnarstigsins / valddreifing
- Einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga
- Aukið samráð innan Stjórnarráðsins



Nýtt skipulag / nýtt verklag:

einfaldari og skilvirkari stjórnsýsla


(felst m.a. í auknu gagnsæi, hagkvæmni, hlutlægni og skilvirkni við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði + aukinni aðkoma heimamanna)



FRAMTÍÐARSÝN


Úr samþykkt ríkisstjórnar frá 22.júní 2012:

- Fjármunir sem Alþingi ráðstafar hverju sinni af fjárlögum til verkefna í einstökum landshutum á sviði atvinnumála, byggða- og samfélagsþróunar byggja á sóknaráætlun hvers landshluta og renni um einn farveg, á grundvelli samnings, til miðlægs aðila í hverjum landshluta.




NÆSTU SKREF

- Landshlutasamtök ákveða fyrirkomulag og hefjast handa við gerð sóknaráætlana í samstarfi við hagsmunaaðila í landshlutunum.
- Endanleg útfærsla skapalóns (stýrinetið).
- Samþætta fyrirkomulag og úthlutun „rauða fjármagnsins“ í einn farveg og tengja við sóknaráætlanir einstakra landshluta.
- Stýrinet undirbýr frumvarp til laga um sóknaráætlanir landshluta.
- Stýrinetið gerir tillögu að tveimur viðmiðum:
 - um útdeilingu fjármuna eftir landshlutum
 - um skiptingu fjármuna innan landshluta (milli málaflokka)




LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

- Hafa forystu um gerð sóknaráætlana.
- Samráð við hagsmunaaðila. Hverjir eru þeir?
- Ákveða fyrirkomulag / skipulag við gerð SL.
- Skipa formlegan samráðsvettvang:
 - Stofna stýrihóp (sem skipar framkvæmdaráð) með aðkomu sveitarstjórna, atvinnulífs og stofnana.
- Fyrirkomulag á móttöku og útdeilingu fjármuna:
 - Valnefndir, fagráð, verkefnahópar?
- Drög að sóknaráætlun í desember 2012.
- 2013 = „demó-ár“. Sóknaráætlun til 1 árs.




SÓKNARÁÆTLUN LANDSHLUTA

- Sameiginleg framtíðarsýn heimamanna.
- Stöðugreining (t.d. SVÓT).
- Fyrsta árið (2013) tekur fyrst og fremst á „rauðu“ málaflokkunum:
 - Atvinnumál og nýsköpun
 - Menningarmál.
 - Fræðslumál (fullorðinsfræðsla).
 - Markaðsmál.
- Stefnumótun í ofangreindum málaflokkum.
- Markmið og forgangsröðun / áherslur (aðgerðir).
- Tekur mið af opinberum stefnum og áætlunum
 - m.a. markmiðum Ísland 2020 (makró).




VERKSKIPULAG Í LANDSHLUTUM HUGMYND (KB)



STÖÐUGREINING (BYGGÐASTOFNUN)


Allar upplýsingar í stöðugreiningu verði kyngreindar þar sem það á við og samanburður við landsmeðaltal eftir ástæðum:

- **Svæðið.** Landfræðileg afmörkun, lýsing staðháttar: Sérstaða: menning og félagsauður, náttúra og auðlindir. Helstu byggðakjarnar og byggðarlög. Byggðarþéttleiki. Íbúar. Mannfjöldapróun sl. 15 ár, kyn, aldur, ríkisfang. Kynjahlutfall. Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi.
- **Menntun.** Fjöldi með grunnskólapróf, framhaldsmenntun, háskólamenntun.
- **Efnahagsþróun.** Tekjur á mann. Helstu atvinnugreinar, fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum. Atvinnuleysi, atvinnustig.
- **Samgöngur.** Vegir, hafnir, flugvellir. Almenningsamgöngur. Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða innan svæðis, til Reykjavíkur og/eða Akureyrar.
- **Opinber þjónusta.** Sjúkrahús og heilsugæsla. Löggæsla og sýslumaður. Framhaldsskóli, háskóli, símenntunarstöð, fullorðinsfræðsla. (listi)
- **Önnur þjónusta.** Verslun og þjónusta . (listi)
- **Niðurstaða:** Sérstaða, styrkleikar og veikleikar. (SVÓT-greining sem sóknaráætlanir verða svar við.)



STÝRINET STJÓRNARRÁÐSINS

- Samþætta, í samráði við lhs, í einn farveg:
 - Styrkjafyrirkomulag
 - Samninga (s.s. vaxta- og menningarsamninga)
 - Atvinnuþróunarfélög
 - Þekkingarsetur
 - Markaðsmál
 - Önnur „ólögbundin“ verkefni.
- Tengja “farveginn” við stefnu stjórnvalda og sóknaráætlanir.
- Tillögur að:
 - Grunnreglum (frumvarp til laga)
 - Viðmiðum um útteilingu fjármuna milli landshluta
 - Viðmið um skiptingu fjárs milli málaflokka



GRUNNREGLUR / VIÐMIÐ - ALMENN ÁKVÆÐI

Almenn ákvæði ná m.a. yfir:

- Fjármagn til skiptanna.
- Fyrirkomulag við útteilingu fjármuna til landshluta.
- Viðfangsefni sem heimilt er að ráðstafa fjármunum til.
- Heimildir til að ráðstafa fjármunum að lágmarki og hámarki milli einstakra viðfangsefni (sbr. töluliði 3-5 hér fyrir neðan).



GRUNNREGLUR / VIÐMIÐ

– SKIPULAG OG ÁÆTLANAGERÐ

Með skipulagi og áætlanagerð er m.a. átt við:

- Afmörkun sóknarsvæða (8).
- Ábyrgðaraðilar að gerð sóknaráætlanna innan hvers svæðis eru landshlutasamtök sveitarfélaga.
- Að innan hvers sóknarsvæðis starfi samráðs-
vettvangur hagsmunaaðila sem kemur að gerð
sóknaráætlana.
- Kveðið er á um skyldu til að gera sóknaráætlanir í
hverjum landshluta. Skapalón um það hvernig slíkar
áætlanir skuli gerðar og hvað þær skuli innihalda.
- Mat á framvindu og umræða um stöðu og þróun
áætlunarinnar.



GRUNNREGLUR / VIÐMIÐ – SKIPTING FJÁRMUNA

- Rekstrarfé
- Verkefnafé
- Sérstakur fjárstuðningur



STÓRT SKREF TIL VALDDREIFINGAR

- Mikill vilji og áhugi hjá ríki og sveitarfélögum.
- Nýtt spennandi verklag sem nær til alls landsins.
- Frumkvæði fært til heimamanna.
- Valdefling landshluta.
- Ný ríkisstjórn – verklagið lifir.
- Ef vel tekst til: Eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í byggðamálum síðustu áratugi.

